



Borgarráð

Hólmsheiði - Lóðarvilyrði - Green Atlantic Data Centers

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Green Atlantic Data Centers ehf. kt. 621116-0610, Ármúla 18, 108 Reykjavík, lóðarvilyrði fyrir lóð við Hólmsheiði undir rekstur gagnavers gegn greiðslu skv. gjaldskrá eða skv. markaðsverði byggingarréttarins, með fyrirvara um að deiliskipulag fyrir lóðina verði samþykkt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð:

Óskað er því eftir að borgarráð veiti fyrirtækinu Green Atlantic Data Centers (hér eftir GADC ehf.) lóðarvilyrði fyrir lóð við Hólmsheiði undir rekstur gagnavers, með fyrirvara um að deiliskipulag fyrir lóðina verði samþykkt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. GADC ehf. getur óskað eftir úthlutun lóðarinnar þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt með fyrrnefndum hætti. Stærð og nánari staðsetning lóðarinnar verður ákveðin í deiliskipulagi. Til skoðunar er að hámarksbyggingarmagn lóðarinnar verði allt að 10.000 m².

Ef umrædd lóð verður ekki staðfest með deiliskipulagi og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda innan þriggja ára frá undirskrift þessa lóðarvilyrðis fellur það niður. Sama gildir ef ekki er óskað eftir úthlutun lóðarinnar innan tveggja ára frá samþykki deiliskipulags fyrir lóðina.

GADC ehf. mun greiða fyrir lóðina markaðsverð eða verð skv. gjaldskrá sem borgarráð staðfestir. Gjaldlagi á greiðslu fyrir byggingarrétt þ.m.t. greiðsla gatnagerðargjalds er dagsetning tilkynningar til lóðarhafa um úthlutun eða sölu lóðar, eindagi er 45 dögum síðar.

Hrólfur Jónsson